

Fullt út úr dyrum á stofnfundi aðstandendahóps Geðhjálpur í húsnæði samtakanna á Túngötu

Málefni sem snertir meirihluta þjóðar

Eftir Sílju Björk Huldadóttur
silja@mb.is

„FRAM í dagsljósi“ var yfirskrift stofnfundar aðstandendahóps Geðhjálpur sem haldinn var í húsnæði samtakanna á Túngötu í gær. Fullt var út úr dyrum, en líklegt má telja að vel á áttunda tug manna hafi sótt fundinn. Svanur Kristjánsson, einn aðstandenda, ávarpaði fundinn og fagnaði þeim fjölda sem mættur var. Sagði hann yfirskrift fundarinnar vísa til þess hversu mikilvægt væri að persónugera málefnið.

Minnsti hann á að um væri að ræða nokkuð stóran hóp, en 20% Íslendinga eiga einhvern tímann á lífsleiðinni við geðsjúkdóm að stríða. „Með aðstandendum þessa fólks erum við farin að tala um meirihluta þjóðarinnar sem þetta málefni snertir, þannig að við erum ekki lítill hópur í einhverjum afkima, við erum stór hópur.“

Árni Magnússon félagsmálaráðherra var sérstakur gestur fundarinnar og ávarpaði viðstadda. Sagðist hann vænta þess að eiga gjöfult samstarf við þennan nýstofnaða hóp. „Ég get fullvissað ykkur um að eftir röddum ykkar verður hlustað í því ráðuneyti sem ég fer með.“ sagði Árni og tók fram að starfsemi hópsins væri mikilvæg viðbót við þá gróskumiklu starfsemi sem þegar færi fram í húsi Geðhjálpur.

Á fundinum rakti Svanur tildrög stofnunar hópsins. „Við erum að skipuleggja okkur til þess að vinna fyrir ástvinni okkar. Í öðru lagi erum við að gera þetta til að hjálpa okkur sjálfum til þess að við séum fær um að standa sem best við bakíð á ástvinum okkar. Í þriðja lagi litum við á okkur sem þjóðfélagsaðili sem er að reyna að hjálpa þjóðfélaginu til þess að vera það sem það vill vera. Við höfum almenningsálitid á okkar bandi, vegna þess að þjóðfélag okkar er grundvallað á samhjálp og mannúð.“ sagði Svanur og minnti á að samhjálpin væri góður „bissness“, enda hefðu rannsóknir sýnt fram á að í þeim þjóðfélögum þar sem samhjálpin er mest sé líka hagældin og samkeppnishæfnin mest.

Geðsjúkir eiga að njóta mannréttinda og virðingar

Fram kom í máli Svans að mikilvægustu markmið hópsins eru að berjast fyrir því að þeir sem þjást af geðsjúkdómum og aðstandendur þeirra njóti sömu mannréttinda og virðingar og aðrir í samfélaginu. Það þýðir að hópurinn ætlar sér að berjast fyrir bestu þjónustu sem völ er á og endurhæfingu sem tekur mið af þörfum hvers og eins auk þess að beita sér fyrir fyrir fræðslu um geðsjúkdóma og afleiðingar þeirra fyrir þá sem af þeim þjást.



Morgunblaðið verður

Stofnfundur aðstandendahóps Geðhjálpur var afar vel sóttur, enda málefni sem snertir fjölda fólks. Áætla má að vel á áttunda tug einstaklinga hafi sótt fundinn og þurftu allmargir að standa vegna þrængsla. Næsti fundur hópsins verður haldinn 16. nóvember næstkomandi þar sem farið verður yfir starfið.

Sagðist Svanur hafa fundið það í viðræðum við bæði félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra að fullur vilji væri fyrir því meðal ráðamanna að gera átak í málefnum geðsjúkra. Fagnaði Svanur því að af sölu Símans hefði einn milljarður króna verið settur í uppbyggingu og endurhæfingu fyrir geðsjúka, en því til viðbótar koma 500 milljónir úr framkvæmdasjóði fatlaðra. „Vissulega þótti okkur vænt um að fá þessa peninga í þennan málaflökk, en okkur þótti enn vænna um rökstuðning félagsmálaráðherra við útlutunina, því þar kom fram að fjármagníð væri sett í málaflökkinn vegna þess að geðsjúkir ættu að njóta mannréttinda og virðingar í þjóðfélaginu.“

Fyrsta samþýlið gæti risið strax á næsta ári

Í máli Árna Magnússonar kom fram að hann hefði fylgst með málefnum fólks með geðfraskanir um nokkurt árabíl. „Frá því ég tók við embætti félagsmálaráðherra hef ég gert mér æ betri grein fyrir bágrri stöðu margra geðfatlaðra og aðstandenda þeirra,“ sagði Árni og minnti á nýlega rannsókn ráðuneytisins á könnun þjónustuþarfa geðsjúkra sem leiddi í ljós að talsverðum fjölda bæri að fá tækifæri til annars konar búsetu en nú er.

„Ég vil nota þetta tækifæri til að fullvissa ykkur um að af hálfu félagsmálaráðuneytisins ríkir mikill metnaður í þessum efnum. Það er staðfastur ásetningur okkar að fylgja þessu verkefni vel eftir og

vanda til verka á allan hátt. Starfs- hópur mun taka að sér þá vinnu og leita samstarfs við þá sem best til þekkja. Þeirra á meðal eru að sjálf-sögðu Geðhjálp, aðstandendur og fagfólk í geðheilbrigðiskerfinu. Eg vænti þess að gjöfult samstarf þessara aðila muni leiða til farsælla úr-ræða fyrir þá sem í hlut eiga.“ sagði Árni og minnti á að innan ráðuneytisins væri nú verið að vinna að endurskoðun á stefnu í málefnum fatlaðra.

Sagðist hann vænta þess að ný stefna í málaflökknum yrði kynnt á næstu mánuðum, en í henni verður

m.a. fjallað um búsetu fatlaðra og stoðþjónustu.

Í umræðum á fundinum var Árni m.a. inntur eftir því hver yrðu fyrstu skref í útdeilingu fjármagnsins sem tilkynnt var að færi í málaflökkinn og hvenær búast mætti við að fyrsta samþýlið risi fyrir Síma-sölupeningana.

„Það liggur ekki ljóst fyrir hvornig nýta eigi fjármagníð og þess vegna þurfum við að eiga gott samstarf við ykkur og læra af ykkar reynslu við uppbygginguna til þess að ná sem bestum árangri.“ sagði Árni og minnti á að hvað tímaröð-

inni viðkæmi þyrfti að skilgreina hvar þörfin væru mest og byrja þar. Aðspurður taldi Árni að hægt yrði að sjá fyrsta samþýlið rísa fyrir þessa fjármuni strax á næsta ári.

Þess má að lokum geta að næsti fundur hópsins verður haldinn miðvikudaginn 16. nóvember nk. kl. 20 í húsnæði Geðhjálpur á Túngötu og verða þar talsmenn hópsins kosnir. Aðstandendahópur Geðhjálpur er öllum opin sem eiga ásetninga er stríða við geðsjúkdóm og ganga í félagið Geðhjálp. Gert er ráð fyrir fundum mánaðarlega þar sem farið er yfir starfið.